

Nr. 17-102 S 077 Arney SH 162**Bilað stýri**

Skipaskr.nr. 2177
Útgerð: Magnús Jónsson.
Smíðaður: Mótun, 1992, trefjaplast.
Stærð: 8,37 brl. 7,60 bt.
Mesta lengd: 9,19 m Skráð lengd: 8,92 m
Breidd: 3,08 m Dýpt: 1,40 m
Vél: Cummins, 187 kw, 1998.
Fjöldi skipverja: 1



Arney © Arnbjörn Eiríksson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. júlí 2017 var Arney SH 162 á strandveiðum á Vestfjarðarmiðum. Veður: Hægviðri

Á veiðunum bilaði stýrið á bátnum og óskað var eftir aðstoð. Gustur SH 11 fylgdi Arney til hafnar á Patreksfirði.

Við rannsókn kom fram:

- að stýristjakkurinn var skemmdur þannig að stýrisblaðið festist í annað borðið;
- að skipstjórinn aftengdi stýristjakkinn en þegar nota átti neyðarstýrið passaði það ekki upp á stýrisstamman þar sem lofthæðin fyrir ofan stamman var ekki nægjanleg;
- að sögn skipstjóra taldi hann að neyðarstýrið hafði aldrei verið prófað og/eða mátað á stamman þrátt fyrir árlegar búnaðarskoðanir;
- að bátnum var stýrt til hafnar með skiptilykli en skipstjórinn sá ekki til siglingar bátsins frá þeim stað;
- að þegar báturinn var lengdur aftur á flotkassa fór þilfarið yfir stýrisstamman og neyðarstýrið var u.þ.b. 3 cm of langt til að komast undir þilfarið án þess að eftir því væri tekið;

- að síðasta búnaðarskoðun fór fram 4. apríl 2017 og í skoðunarskýrslu kom fram að neyðarstýrið væri í lagi og það samþykkt án athugasemda.

Nefndarálit:

Orsök þess að stýrið festist var skemmd í stýristjakki.

Nefndin telur einnig að verulega hafi skort á skoðanir á bátum þar sem neyðarstýri hafði aldrei verið sett upp og virkni þess prófuð.

Sérstök ábending:

Nefndin beinir því til Samgöngustofu að tryggja að virkni neyðarstýrisbúnaðar sé prófuð við búnaðarskoðanir.

Nefndin beinir því til skipstjórnarmanna að tryggja að neyðarbúnaður virki og prófaður reglulega.